

Borgarráð 16. nóvember 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skólabókasöfn MSS23110112

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um framtíð skólabókasafna í Reykjavík og hvort hægt sé að ganga út frá því að þau lifi áfram í þeirri mynd sem þau eru. Skólabókasöfn gegna mikilvægu hlutverki. Þangað koma börn á öllum tímum dags. Ýmist í hléi milli kennslustunda, í frímínútum, eftir skóla og jafnvel áður en skóladagurinn hefst. Þangað fara heilu bekkirnir til að brjóta upp kennslustund og njóta bókmennta í hlýlegum aðstæðum skólabókasafna. Í kjölfar ákvörðunar meirihlutans að leggja niður Borgarskjalasafn myndaðist ótti hjá mörgum um að það væri aðeins upphafið af röð niðurlagninga bókasafna og þeim ætti frekar að steypa saman á einhverjum fáum stöðum í borginni. Um leið og skólabókasafn fer út úr skólanum er það ekki lengur skólabókasafn og nýting þess gjörbreytist. Þá eru börn ekki að skjótast inn til að lesa eða skoða bók þegar mínúta gefst inn á milli á skólatíma hvað þá að koma við í byrjun eða lok skóladags.